



## Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 20. október 2021

**Staðsetning fundar:** Verkís

**Dagsetning:** 20.10.2021 kl. 13:00

**Mættir:** Anna, Íris, Sirrý, Alexandra, Bjarni, Ragnar, Áróra, Olga

**Fundarritari:** Alexandra

GBC Iceland:

- Alexandra Kjeld, ritari stjórnar (AK), – EFLA verkfræðistofa - [alexandra.kjeld@efla.is](mailto:alexandra.kjeld@efla.is)
- Bjarni Þór Þórólfsson, stjórnarmaður (BÞÞ), – Búseti – [bjarni@buseti.is](mailto:bjarni@buseti.is)
- Olga Árnadóttir, stjórnarmaður (OÁ), – Framkvæmdasýsla ríkisins – [olga.a@fsr.is](mailto:olga.a@fsr.is)
- Ragnar Ómarsson, formaður stjórnar (RÓ), – Verkís verkfræðistofa – [rom@verkis.is](mailto:rom@verkis.is)
- Sigríður Ósk Bjarnadóttir, stjórnarmaður (SÓB), – VSÓ ráðgjöf - [sigridur@vso.is](mailto:sigridur@vso.is)
- Anna Sigríður Jóhannsdóttir, stjórnarmaður (ASJ), - VA arkitektar – [anna@vaarkitektar.is](mailto:anna@vaarkitektar.is)
- Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri stjórnar (ÍP), - umhverfisstjóri hjá Reitum – [iris@reitir.is](mailto:iris@reitir.is)
- Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – [arora@graennibyggd.is](mailto:arora@graennibyggd.is)

### Dagskrá fundar:

1. Fréttir úr starfi
2. Webinar NGBC
3. Önnur mál

#### 1. Fréttir úr starfi

Áróra framkvæmdastjóri GB varði doktorsritgerð í september og er óskað til hamingju. Olga flytur sig í desember yfir til HMS og hættir hjá Framkvæmdasýslunni. Hún situr áfram í stjórn sem fulltrúi HMS, sem er aðili GB.

**Málþing um orkunotkun.** Þórhildur og Marta Rós voru byrjaðar að skipuleggja málþing og voru komnar í samband við nokkra fyrirlesara. Marta kom inn á fund og ræddi tilhögun málþings. Orkuveitan mun styðja við og standa að baki málþings og gerð verður tillaga að dagsetningu fyrri hluta febrúar 2022, t.d. 10. febrúar.

Búið var að eyrnamerkja af hálfu UA-ráðuneytisins nokkur **rannsóknarverkefni** í kjölfar BGF framtaksins.

- BREEAM
  - Rannsókn á loftslagsáhrifum
  - Málstofa hagaðila
- Samræmd viðmið fyrir græna fjármögnun og sjálfbærar fjárfestingar í mannvirkjagerð á Íslandi – SFF er þegar með hóp og Áróra og Þóra HMS mæta á fund með þeim til að kynna BGF. Æskilegt að þau þekki Svaninn auk annarra vottunarkerfa.
- LCA viðmið á Íslandi – Olga leiðir þessa vinnu hjá HMS.



## 2. Webinar NGBC

RÓM ræðir webinar Nordic Green Building Councils sem ákveðið var að fresta til 19. janúar: Resilience and Climate Adaptation. Ráðgert er að streyma viðburði, e.t.v. frá lóunni – rætt verður við þá. Ragnar fer yfir drög að dagskrá og tvo íslenska fyrirlesara (sjá fundargerð 20.08). Ekki hefur verið settur fundarstjóri.

Eftir er að ákveða tímasetningu webinar, en tímalengd ákveðin 1 klst.

## 3. Önnur mál

Rædd var staða BREEAM vottana hér á landi og erlendis og hlutverk Grænnar byggðar m.t.t. BREEAM Champion samnings. Ákveðið var að hugsa þetta mál áfram áður en teknar verða ákvarðanir, t.d. skoða aftur í kjölfar fyrirhugaðs málþings um BREEAM. Hver er staða þessa kerfis m.v. önnur alþjóðlega viðurkennd vottunarkerfi?

Olga segir frá lofsverðu verkefni Ríkiskaupa fyrir hringrásarhagkerfi jarðefna: Mölundur (áður þekkt sem Völundur).

Græna skóflan og samkeppni um verðlaunagrip farin í gang. Skipa þarf dómnefnd fyrir verðlaunagrip, og svo dómnefnd fyrir verðlaunin sjálf (eftir áramót). Anna Sigríður verður fulltrúi GB í dómnefnd fyrir verðlaunagrip.

Grænni byggð leiðbeinir tveimur BA ritgerðum innan LbhÍ – annars vegar um hampsteypu, hinsvegar um kolefnishlutleysi bygginga.

Áróra mun uppfæra dagatal Gb skv. ábendingum stjórnarmeðlima – gott að hafa yfirsýn yfir fjölda viðburða sem tengjast áherslum GB.

Fleira var ekki gert. Fundi er slitið kl. 14:40.